

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Leynir 2, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 25. mars 2026 tillögu að deiliskipulagi fyrir Leyni 2. Með nýju deiliskipulagi er dregið verulega úr umfangi starfsemi. Eldra deiliskipulag verður felld úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags. Nýtt deiliskipulag nær yfir um 4 ha af landi Leynis 2. Gert er ráð fyrir gistingu í þjónustuhúsi og minni gestahúsum (kúluhúsum) fyrir allt að 50 gesti, skv. flokki II. Þá verður áfram heimilt að reka tjaldsvæði. Heimilt verður að vera með fasta búsetu. Aðkoma að svæðinu er af Landvegi 26. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 19. júní 2026.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2026